

AUGLÝSING
um staðfestingu stofnsamnings fyrir Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls bs.

Mennta- og barnamálaráðuneytið, félags- og vinnumarkaðsráðuneytið og innviðaráðuneytið hafa staðfest meðfylgjandi stofnsamning fyrir Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls bs., en stofnendur samlagsins eru Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Flóahreppur.

Byggðasamlagið er stofnað samkvæmt 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og fer með skipulag og framkvæmd skólaþjónustu fyrir leik- og grunnskóla og velferðarþjónustu sveitarfélaganna samkvæmt IX. kafla laga um grunnskóla nr. 91/2008, VIII. kafla laga um leikskóla nr. 90/2008, laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, barnaverndarlaga nr. 80/2002 og laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.

Samningurinn, viðauki um fullnaðarafgreiðslu barnaverndarmála samkvæmt 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga og viðauki um fullnaðarafgreiðslu mála til deildarstjóra velferðarsviðs á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og laga um húsnæðismál, eru birtir sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Mennta- og barnamálaráðuneytinu, 20. mars 2024.

F. h. r.

Anna Tryggvadóttir.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu, 20. mars 2024.

F. h. r.

Jóna Guðný Eyjólfsdóttir.

Innviðaráðuneytinu, 20. mars 2024.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Fylgiskjal

Stofnsamningur fyrir Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.

I. kafli – Almenn ákvæði.

1. gr.

Nafn o.fl.

Samlagið er byggðasamlag og heitir Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings bs. og varnarþing byggðasamlagsins er í Bláskógabyggð.

2. gr.

Aðildarsveitarfélög.

Sveitarfélögin Hrunamannahreppur, kt. 640169-2309, Bláskógabyggð, kt. 510602-4120, Grímsnes- og Grafningshreppur, kt. 590698-2109, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, kt. 540602- 4410 og Flóahreppur, kt. 600606-1310, reka byggðasamlag um sameiginlega skóla- og velferðarþjónustu.

Byggðasamlagið er stofnað skv. 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, 2. mgr. 11. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og 2. mgr. 4. gr. reglugerðar um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 444/2019, sbr. lög um grunnskóla nr. 91/2008. Sveitarfélögin bera einfalda ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum byggðasamlagsins en innbyrðis skiptist ábyrgðin í samræmi við eignarhluta hvers sveitarfélags sem miðast við fjölda íbúa sem Hagstofa Íslands birtir 1. janúar ár hvert. Eignarhluti hvers sveitarfélags er reiknaður með sama hætti.

Önnur sveitarfélög geta orðið aðilar að byggðasamlaginu með samþykki allra aðildarsveitarfélaganna og með undirritun viðauka við samning þennan.

3. gr.

Markmið samstarfsins.

Markmið samstarfsins er að efla samstarf milli sveitarfélaganna á svæðinu á sviði skóla- og velferðarþjónustu, nýta tækifæri til að samþætta skólaþjónustu fyrir skóla- og velferðarþjónustuna með það að markmiði að minnka faglega einangrun starfsmanna. Með þessu verði skapað teymi starfsfólks sem samstíga vinnur að því að efla og bæta þjónustu við íbúa, nemendur, starfsfólk skóla- og velferðarþjónustu í anda laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, nr. 86/2021.

4. gr.

Málaflokkar.

Aðildarsveitarfélögin fela byggðasamlaginu skipulag og framkvæmd skólaþjónustu fyrir leik- og grunnskóla og velferðarþjónustu sveitarfélaganna samkvæmt IX. kafla laga um grunnskóla nr. 91/2008, VIII. kafla laga um leikskóla nr. 90/2008, lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum, barnaverndarlögum nr. 80/2002 með síðari breytingum, lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021, reglugerðum settum á grundvelli ofangreindra laga og samkvæmt nánari ákvæðum samnings þessa.

Byggðasamlagið myndar umdæmi barnaverndarþjónustu skv. 2. mgr. 11. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Sveitarfélögin hafa í samþykktum um stjórn og fundarskóp viðkomandi sveitarfélags framselt valdi til byggðasamlagsins og starfsfólks þess.

Nánar er fjallað um framsal og endurupptöku mála samkvæmt þessari grein í viðauka 1 við samning þennan.

Byggðasamlagið myndar umdæmi svæðisbundins farsældarráðs skv. 5. gr. laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021. Þar eiga sæti fulltrúar svæðisbundinna þjónustuveitenda ríkisins og sveitarfélaganna og hefur ráðið samráð við fulltrúa notenda á svæðinu. Stjórn byggðasamlagsins skipar fulltrúa í ráðið.

5. gr.

Verkefni.

Hlutverk byggðasamlagsins er að útfæra þjónustuna en umgjörð hennar og framkvæmd verkefna er nánar lýst í eftirfarandi skjölum sem sett eru á grundvelli viðkomandi laga, reglugerða, samnings þessa og viðauka við hann:

- a) Erindisbréf stjórnar byggðasamlagsins
- b) Erindisbréf fag nefndar skóla- og velferðarþjónustu
- c) Starfslýsingar deildarstjóra þjónustunnar.

Aðalfundur eða aukafundur byggðasamlagsins staðfestir erindisbréf stjórnar sem sent er sveitarstjórnnum til kynningar en stjórn byggðasamlagsins samþykkir erindisbréf fag nefndar skóla- og velferðarþjónustu og starfslýsingar deildarstjóra.

Meðal verkefna skóla- og velferðarþjónustunnar eru m.a.:

- a) að veita, fyrir hönd aðildarsveitarfélaganna, þjónustu á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, s.s. félagslega ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, stuðningsþjónustu, málefni barna og ungmenna, þjónusta við unglinga, þjónusta við fatlað fólk, húsnæðismál, vímuvarnir og aðstoð við einstaklinga með fíknivanda.
- b) að veita barnaverndarþjónustu skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002.
- c) að vera í samstarfi og samráði við Bergrisann bs. til að tryggja samfellu í þjónustu byggðasamlagsins á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga annars vegar og hins vegar á þjónustu Bergrisans bs. sem veitir þjónustu á grundvelli laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.
- d) að tilnefna tengiliði og málstjóra sveitarfélaganna og byggðasamlagsins í samræmi við ákvæði reglugerðar um tengiliði og málstjóra samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna nr. 1180/2022,
- e) að veita skólaþjónustu og ráðgjöf skv. reglugerð um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum, nr. 444/2019, sem á stoð í 40. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og 21.–23. gr. laga um leikskóla, nr. 90/2008,
- f) að veita náms- og starfsráðgjöf skv. 13. laga um grunnskóla nr. 91/2008,
- g) að starfa í umboði stjórnar þar sem teknar eru ákvarðanir um þá aðstoð sem sótt er um/eða lögð til af starfsfólki skóla- og velferðarþjónustunnar.
- h) önnur verkefni samkvæmt ákvörðun stjórnar byggðasamlagsins.

II. kafli – Aðalfundur.

6. gr.

Aðalfundur.

Aðalfundur byggðasamlagsins skal haldinn fyrir 15. október ár hvert. Aukafundi skal boða ef þörf krefur að mati stjórnar eða ef a.m.k. tvö aðildarsveitarfélög óska þess. Aukafundur skal boða með a.m.k. viku fyrirvara og er þá útbúin sérstök dagskrá sem skal send út með fundarboði. Á kosningaári sveitarstjórna skal halda aukaaðalfund eigi síðar en 10. júlí þar sem kosin er ný stjórn. Framkvæmdastjóri fjölmennasta aðildarsveitarfélagsins skal boða til þess fundar í samráði við deildarstjóra velferðarþjónustu.

Aðalfundi skal boða með rafrænum hætti með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara og skal fundarefni tilgreint.

Sömu reglur gilda um aukafundi og reglulega aðalfundi fyrir utan að boða skal til aukafundar með a.m.k. viku fyrirvara.

Aðalfundur byggðasamlagsins er ályktunarhæfur, hafi löglega verið til hans boðað og aukinn meirihluti fulltrúa aðildarsveitarfélaganna er mættur.

Á aðalfundi byggðasamlagsins skulu eiga sæti einn fulltrúi frá hverju aðildarsveitarfélagi, sem kemur úr hópi aðal- eða varamanna í stjórn byggðasamlagsins.

Við atkvæðagreiðslu á aðalfundi þarf samþykki allra atkvæðisbærra fulltrúa á fundinum.

Aðalfundir byggðasamlagsins skulu opnir til áheyrnar kjörnum fulltrúum í sveitarstjórnnum og lykilstarfsfólki sveitarfélaganna og byggðasamlagsins og hafa þeir málfrelsi og tillögurétt.

Stjórn byggðasamlagsins er heimilt að bjóða til aðalfundar aðilum sem tengjast umfjöllun og starfi byggðasamlagsins.

7. gr.

Dagskrá aðalfundar.

Stjórn byggðasamlagsins semur dagskrá aðalfundar og skal hún send út með fundarboði ásamt ársreikningi svo og tillögum að breytingum á samningi þessum. Aðalfundur er löglegur sé hann löglega boðaður og lágmarksfjöldi fulltrúa er mættur til fundar skv. 6 grein samnings þessa. Á aðalfundi skulu tekin fyrir eftirtalin mál:

- Skýrsla stjórnar um starfsemi liðins árs.
- Fjárhagsáætlun næsta árs.
- Umfjöllun um breytingar á stofnsamningi byggðasamlagsins ef tillaga um það hefur komið fram með löglegum fyrirvara.
- Ráðning löggilts endurskoðanda.
- Önnur mál.

Tillögur um breytingar á samningi þessum skulu sendar formanni stjórnar í síðasta lagi sjö sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Tillöguflýtyjandi skal jafnframt kynna öllum aðildarsveitarfélögunum tillöguna með sama fyrirvara.

Breytingar á samningi þessum þarfnast samþykkis allra atkvæðisbærra fulltrúa á aðalfundi. Í framhaldinu fer stofnsamningurinn til samþykktar hjá sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaga og skal samningurinn fá tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili.

III. kafli – Stjórn, fagnefnd og starfsfólk.

8. gr.

Stjórn byggðasamlagsins.

Stjórn byggðasamlagsins skal skipuð fimm aðalfulltrúum og fimm til vara þar sem einn fulltrúi kemur frá hverju sveitarfélagi. Kjörtímabil stjórnar er hið sama og kjörtímabil sveitarstjórna. Hver sveitarstjórn skal tilnefna fulltrúa í upphafi kjörtímabils og annan til vara. Kjörgengir til setu í stjórn byggðasamlagsins eru oddvitar, framkvæmdastjórar í aðildarsveitarfélögum og staðgenglar þeirra. Stjórn skiptir sjálf með sér verkum.

9. gr.

Starfshættir stjórnar.

Stjórnarfundur byggðasamlagsins er lögmaður þegar meirihluti stjórnarmanna er mættur til fundar. Formaður stjórnar sér um boðun funda og stýrir þeim. Fundarboð skulu vera rafræn og berast aðal- og varamönnum að jafnaði tveimur dögum fyrir fund.

Stjórn getur enga samninga undirritað, samþykkt eða ályktun gert nema fundur sé löglega boðaður og fundarmenn nái sameiginlegri niðurstöðu.

Stjórn veitir prókúruumboð fyrir byggðasamlagið.

Stjórn byggðasamlagsins getur ekki skuldbundið aðildarsveitarfélögin umfram það sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun byggðasamlagsins án þess að fyrir liggi viðauki samkvæmt 13. gr.

Stjórn byggðasamlagsins er heimilt að gera samning við aðra aðila en aðildarsveitarfélögin um framkvæmd einstakra þátta þjónustunnar, m.a. við einkaaðila enda samræmist þeir samningar lögum um þjónustuna, sveitarstjórnarlögum og rúmist innan fjárhagsáætlunar byggðasamlagsins.

Stjórn hefur umboð til að ákvarða um almenna starfsemi byggðasamlagsins og aðlögun hennar að breyttum aðstæðum, t.d. við lagabreytingar, enda rúmist þær innan ramma fjárhagsáætlunar hverju sinni.

Fundargerðir stjórnar byggðasamlagsins skulu sendar aðildarsveitarfélögunum til kynningar innan 7 daga frá fundi. Að öðru leyti gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga um störf stjórnar byggðasamlagsins eftir því sem við getur átt.

Varðandi nánari útfærslu á starfsháttum stjórnar er vísað til erindisbréfs stjórnar sem samþykkt er á aðalfundi eða aukafundi byggðasamlagsins sbr. 5. gr.

10. gr.

Fagnefnd skóla- og velferðarþjónustu.

Ein fagnefnd skóla- og velferðarþjónustu skal vera á starfssvæði byggðasamlagsins. Nefndina skipa fimm fulltrúar og jafnmargir til vara, einn aðalmaður og einn varamaður frá hverju aðildarsveitarfélagi. Stjórn byggðasamlagsins skipar aðal- og varamenn í fagnefnd skóla- og velferðarþjónustu í kjölfar sveitarstjórnarkosninga að fengnum tilnefningum sveitarfélaganna og skipar síðan formann og varaformann nefndarinnar. Að öðru leyti skiptir nefndin sjálf með sér verkum.

Nefndin fer með stjórn og framkvæmd skólaþjónustu fyrir leik- og grunnskóla og velferðarmál í sveitarfélögunum í samræmi við reglur sem sveitarstjórnir setja og erindisbréf nefndarinnar.

Nefndin fer með yfirstjórn barnaverndarþjónustu skv. 1. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Nefndin fer auk þess með lögbundið hlutverk félagsmálanefndar skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Nefndin skal, í upphafi hvers kjörtímabils, móta stefnu og framkvæmdaáætlun fyrir aðildarsveitarfélögin á sviði barnaverndar skv. 1. mgr. 9. gr. barnaverndarlaga. Framkvæmdaáætlunin skal send sveitarstjórnnum til staðfestingar og í framhaldinu send því ráðuneyti sem fer með yfirstjórn málaflokksins, Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála og Barna- og fjölskyldustofu.

Þóknun vegna fundarsetu í nefndinni skal ákveðin af stjórn byggðasamlagsins.

Varðandi nánari útfærslu á starfsháttum nefndarinnar er vísað til erindisbréfs hennar er stjórn samþykkir sbr. 5. gr.

Engin breyting verður á hlutverki starfandi skólanefnda sveitarfélaganna við gerð samnings þessa.

11. gr.

Reglur sem fagnefnd skóla- og velferðarþjónustu setur um málefni byggðasamlagsins.

Fagnefnd skóla- og velferðarþjónustu samþykkir tillögur að reglum um framkvæmd skólaþjónustu, fjárhagsaðstoðar, barnaverndar, félagslegrar heimaþjónustu, málefni fatlaðs fólks, ferðaþjónustu, liðveislur og annarra þátta í starfsemi. Reglurnar skulu samræmdar eftir föngum og sendar sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna til staðfestingar.

12. gr.

Stjórnendur og annað starfsfólk.

Stjórn ræður og veitir lausn frá störfum deildarstjóra skólaþjónustu og deildarstjóra velferðarþjónustu. Deildarstjórar skulu vera sérfræðingar í framkvæmd þjónustunnar. Deildarstjórar ráða annað starfsfólk sem undir verksvið þeirra heyrir og veita lausn frá störfum í samræmi við fjárhagsáætlun. Deildarstjórar tilkynna stjórn áður en ákvörðun um ráðningu eða uppsögn starfsfólks er tekin.

Varðandi nánari útfærslu á störfum deildarstjóra er vísað til starfslýsinga er stjórn samþykkir sbr. 5. gr.

III. kafli – Fjármál.

13. gr.

Fjárhagsáætlun.

Deildarstjórar leggja fyrir stjórn drög að fjárhagsáætlun. Stjórn afgreiðir fjárhagsáætlun fyrir byggðasamlagið og leggur fyrir aðalfund til staðfestingar, í síðasta lagi 15. október ár hvert. Í framhaldinu ber stjórn að senda fjárhagsáætlun til aðildarsveitarfélaga til staðfestingar í hverri sveitarstjórn. Stjórn fylgist með að rekstur byggðasamlagsins sé í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun.

Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun nema öll sveitarfélög hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina í samræmi við VII. kafla sveitarstjórnarlaga.

14. gr.

Árshlutaskýrslur.

Fyrir 15. ágúst ár hvert skulu deildarstjórar taka saman gögn um þróun rekstrar og þjónustu og leggja fyrir stjórn til kynningar. Árshlutaskýrslan skal í framhaldinu send aðildarsveitarfélögum til upplýsinga.

15. gr.

Ársreikningur.

Stjórn staðfestir ársreikninga byggðasamlagsins fyrir ár hvert og miðast reikningsárið við almanaksárið. Reikningar byggðasamlagsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem stjórn þess ræður til starfsins. sbr. 7. grein samnings þessara. Vinna skal ársreikninga í samræmi við ákvæði laga um bókhald og ársreikninga, svo og aðrar góðar bókhalds og reikningsskilavenjur. skv. 59. grein laga nr. 138/2011.

Senda skal fullgerðan ársreikning, staðfestan af stjórn byggðasamlagsins og áritaðan af endurskoðanda til allra aðildarsveitarfélaganna fyrir 1. apríl ár hvert.

16. gr.

Fjárhagslegt uppgjör.

Stjórn byggðasamlagsins skal semja við aðildarsveitarfélag eða utanaðkomandi þjónustuaðila um bókhald, launagreiðslur og fjárhagsleg málefni. Sveitarfélögin greiða áætlaðar mánaðarlegar greiðslur til umsjónarsveitarfélags til að mæta þeim kostnaði. Kostnaður hvers sveitarfélags vegna almanaksársins verður gerður upp fyrir lok febrúar ár hvert.

Byggðasamlaginu er heimilt að kaupa þjónustu af aðildarsveitarfélögum og senda þá aðildarsveitarfélög reikning á byggðasamlagið.

17. gr.

Kostnaðarskipting.

Öllum kostnaði vegna sameiginlegra starfsmanna skóla- og velferðarþjónustu og yfirstjórnar skal jafnað niður á sveitarfélögin á eftirfarandi hátt:

Kostnaður vegna velferðarþjónustu:

Kostnaður vegna reksturs velferðarþjónustunnar, þ.e. launakostnaður starfsmanna, verktakakostnaður og almennur rekstrarkostnaður greiðist af aðildarsveitarfélögum í hlutfalli við íbúatölu 1. janúar næstliðins árs.

Kostnaðar vegna útlagðs kostnaðar og annarra úrræða til skjólstæðinga félagsþjónustunnar greiðist af lögheimilissveitarfélagi. Skal byggðasamlagið senda aðildarsveitarfélögum tímanlega fyrir mánaðarmót yfirlit yfir greiðslur er sveitarfélagið ber að greiða um mánaðarmótin.

Kostnaður vegna sértækra félagsþjónustu- og barnaverndarmála greiðist af lögheimilissveitarfélagi þess skjólstæðings sem um ræðir. Stjórn í samráði við deildarstjóra velferðarþjónustu skal útbúa samantekt um helstu úrræði er falla undir sértæka félagsþjónustu og barnaverndarmál. Sé fyrirsjáanlegt að slík mál leiði af sér umtalsverð fjáruútlát ber deildarstjóra að halda sveitarstjóra viðkomandi sveitarfélags upplýstum. Skal byggðasamlagið senda aðildarsveitarfélagi tímanlega fyrir mánaðarmót yfirlit yfir greiðslur og reikninga er sveitarfélagið ber að greiða um mánaðarmótin.

Kostnaður vegna skólaþjónustu:

Kostnaður vegna reksturs skólaþjónustu, þ.e. launakostnaður starfsmanna, verktakakostnaður og almennur rekstrarkostnaður greiðist í hlutfalli við nemendafjölda í skólum viðkomandi aðildarsveitarfélags miðað við 1. janúar næstliðins árs.

Kostnaður vegna sértækra úrræða í skólaþjónustu sem eru á ábyrgð sveitarfélags, skv. samkomulagi milli velferðarráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. í maí 2014, s.s. við talþjálfun barna, greiðist af lögheimilissveitarfélagi viðkomandi barns. Skal byggðasamlagið senda aðildarsveitarfélögum tímanlega fyrir mánaðarmót yfirlit yfir greiðslur er sveitarfélagið ber að greiða um mánaðarmótin.

IV. kafli – Úrganga og slit.

18. gr.

Úrganga og slit.

Um úrgöngu úr byggðasamlaginu og um slit þess gilda reglur 95. gr. IX. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Ef ágreiningur rís um úrgöngu sveitarfélags úr byggðasamlaginu er hægt að vísa málinu til ráðuneytis sveitarstjórnarmála.

Samningur þessi öðlast gildi við staðfestingu ráðuneytis mennta-, barna-, félags- og sveitarstjórnarmála og allra aðildarsveitarfélaganna og fellur þá úr gildi samstarfssamningur um skóla- og velferðarþjónustu frá 25. júní 2015.

Samningur þessi eru gerður í fimm samhljóða eintökum, eitt fyrir hvern samningsaðila.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þegar ársreikningur ársins 2023 liggur fyrir skal stjórn endurskoða 17. gr. um kostnaðarskiptingu með áherslu á að skoða kostnað vegna málefna fatlaðs fólks og hvort taka þurfi betur tillit til þess kostnaðar við kostnaðarskiptingu milli aðildarsveitarfélaga. Leiði sú endurskoðun til þess að gera þarf breytingar á 17. gr. skal tillaga lögð fyrir aðalfund ársins 2024.

Bláskógabyggð

Flóahreppur

Grímsnes- og Grafningshreppur

Hrunamannahreppur

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Viðauki 1

um fullnaðarafgreiðslu barnaverndarmála samkvæmt 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

1. gr.

Fullnaðarafgreiðsla mála barnaverndarþjónustu byggðasamlagsins.

Deildarstjóri velferðarþjónustu fer með vald til fullnaðarafgreiðslu mála skv. 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002 og ber ábyrgð á öllum verkefnum og ákvörðunum sem byggja á barnaverndarlögum sem ekki hafa verið falin öðrum þ.m.t. umdæmisráði, dómstólum eða öðrum stjórnvöldum, sbr. 2. mgr. 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Deildarstjóri velferðarþjónustu tilnefnir staðgengil sinn sem hefur þá sömu heimildir í fjarveru hans eða vegna vanhæfis.

- a) Deildarstjóri velferðarþjónustu hefur endanlegt ákvörðunarvald í eftirfarandi verkefnum er falla undir barnaverndarlög nr. 80/2002, án staðfestingar sveitarstjórnar að bera ábyrgð á barnavernd, verkefnum og ákvörðunum samkvæmt lögnum sem eru ekki sérstaklega falin öðrum, sbr. 10. gr.
- b) ákvörðun um hvort hefja eigi könnun máls, sbr. 21. gr.
- c) gerð og framkvæmd áætlunar um meðferð máls, sbr. 23. gr.
- d) taka ákvörðun um hvort loka eigi máli eða gera áætlun um meðferð máls, sbr. 23. gr.
- e) veita aðstoð, sbr. a-e liði 1. mgr. 24. gr.
- f) taka við forsjá eða umsjá barns og ráðstafa í fóstur, sbr. a-lið 1. mgr. 25. gr.
- g) taka við forsjá eða umsjá barns og vista barn utan heimili á heimili eða stofnun eða leitað annarra úrræða skv. XIII. og XIV. kafla til umönnunar, rannsóknar, meðferðar eða stuðnings, sbr. b-lið 1. mgr. 25. gr.
- h) fara fram á það við umdæmisráð barnaverndar að ráðið úrskurði gegn vilja foreldra, sbr. a-e lið 1. mgr. 26. gr.
- i) fara fram á það við umdæmisráð barnaverndar að ráðið úrskurði gegn vilja foreldra og/eða barns sem hefur náð 15 ára aldri, sbr. a- og b-lið 1. mgr. 27. gr.
- j) gera kröfu fyrir héraðsdómi að fengnum úrskurði umdæmisráðs, sbr. 1. mgr. 28. gr. og 29. gr.
- k) úrræði vegna ófæddra barna, sbr. 1. mgr. 30. gr.
- l) gera kröfu fyrir dómi um sviptingu sjálfræðis barnshafandi einstaklings, sbr. 2. mgr. 30. gr.
- m) neyðarráðstafanir, sbr. 31. gr.
- n) skipan lögráðamanns eða taka yfir forsjá barns, sbr. 32. gr.
- o) áætlun um tryggja umsjá barns sem barnaverndarþjónusta hefur tekið við umsjá eða forsjá með, sbr. 33. gr.
- p) senda inn beiðni til lögreglu um brottvikningu heimilismanns og nálgunarbann, sbr. 37. gr.
- q) taka afstöðu til þess hvort þörf sé á að skipa barni talsmann skv. 3. mgr. 46. gr.
- r) taka nauðsynlegar ákvarðanir um meðferð máls fyrir dómi skv. X. og XI. kafla.
- s) ráðstöfun barns í fóstur, sbr. 65. gr.
- t) fara með alla vinnslu máls eftir að ákvörðun um vistun eða fóstur liggur fyrir,
- u) gerð fóstursamnings, endurskoðun og slit fóstursamnings, sbr. XIII. kafli,
- v) ákvörðun um fjárhæð fósturlauna og framfærslueyris, sbr. 75. gr.
- w) gera tillögur um umgengni barns í fóstri eða vistun við kynforeldra og aðra nákomna, sbr. 81. gr.
- x) hafa tiltæk úrræði, svo sem með rekstri vistheimila eða sambýla til að veita börnum móttöku að uppfylltum skilyrðum, a- og b-lið 84. gr.
- y) hafa tiltækar stuðningsfjölskyldur, sbr. 85. gr.
- z) sumardvöl á vegum barnaverndarþjónustna, sbr. 86. gr.
- aa) tilnefning málstjóra, sbr. 19. gr., sbr. lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.

Auk þess veitir deildarstjóri velferðarþjónustu umsagnir vegna ættleiðingar skv. 16. og 31. gr. laga um ættleiðingar nr. 130/1999.

2. gr.

Sjálfstæði barnaverndarþjónustu byggðasamlagsins gagnvart stjórn byggðasamlagsins, sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaga, fagnefnd skóla- og velferðarþjónustu og nefndum aðildarsveitarfélaga

Samkvæmt III. kafla barnaverndarlaga er sveitarstjórnnum, stjórn byggðasamlagsins, fagnefnd skóla- og velferðarþjónustu sem og öðrum nefndum aðildarsveitarfélaganna, ekki heimilt að gefa barnaverndarþjónustu fyrir mæli um meðferð einstakra mála. Því eiga 2. og 3. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga ekki við um barnaverndarþjónustu og er sveitarstjórnnum, stjórn byggðasamlagsins, fagnefnd skóla- og velferðarþjónustu og öðrum nefndum aðildarsveitarfélaganna ekki heimilt að hafa eftirlit með afgreiðslu einstakra mála barnaverndarþjónustu né taka ákvörðun í barnaverndarmálum.

3. gr.

Endurupptaka mála.

Beri aðili fram kvörtun vegna afgreiðslu barnaverndarþjónustu byggðasamlagsins samkvæmt viðauka þessum, skal leiðbeina honum um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar hjá deildarstjóra velferðarþjónustu með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Er deildarstjóra skólaþjónustu heimilt að leita aðstoðar hjá lögfræðingi við mat á því hvort skilyrði endurupptöku séu til staðar. Séu skilyrði endurupptöku fyrir hendi skal barnaverndarþjónusta byggðasamlagsins taka málið upp að nýju.

4. gr.

Úrskurðarnefnd velferðarmála

Aðila máls skal leiðbeint um rétt sinn til að skjóta málinu til úrskurðarnefndar velferðarmála sbr. lög um úrskurðarnefnd velferðarmála nr. 85/2015, og um kærufrest, ef um kæranlega ákvörðun er að ræða.

Viðauki 2

um fullnaðarafgreiðslu mála til deildarstjóra velferðarsviðs á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og laga um húsnæðismál.

1. gr.

Almenn skilyrði valdframsals

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð hafa aðildarsveitarfélög framselt deildarstjóra velferðarsviðs fullnaðarafgreiðsluvald í tilteknum málum. Í þessum viðauka er valdframsalið nánar útfært.

Ákvarðanir sem deildarstjóri velferðarþjónustu tekur á grundvelli þessarar greinar mega ekki varða verulega fjárhag byggðasamlagsins.

Fagnefnd skóla- og velferðarþjónustu getur ávallt óskað eftir því að stjórn byggðasamlagsins taki ákvörðun í máli samkvæmt þessari grein.

Deildarstjóri velferðarþjónustu getur ávallt óskað eftir því að fagnefnd skóla- og velferðarþjónustu taki ákvörðun í máli samkvæmt þessari grein, að undanskildum ákvörðunum barnaverndarþjónustu.

2. gr.

Fullnaðarafgreiðsla mála deildarstjóra velferðarsviðs

Deildarstjóri velferðarsviðs afgreiðir eftirtalin verkefni er falla undir lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum og lög um húsnæðismál nr. 44/1998, með síðari breytingum, án staðfestingar aðildarsveitarfélaga, stjórnar byggðasamlagsins eða fagnefndar skóla- og velferðarþjónustu,

- Umsóknir um fjárhagsaðstoð samkvæmt IV. og VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og reglum um fjárhagsaðstoð.
- Umsóknir um leiguhúsnæði skv. lögum um húsnæðismál nr. 44/1998.
- Umsóknir um sérstakan húsnæðisstuðning skv. 2. mgr. 45. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og reglum um sérstakan húsnæðisstuðning.
- Umsóknir um félagslega heimaþjónustu skv. reglum um heimaþjónustu sem settar eru á grundvelli VII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.
- Umsóknir búsetu fyrir fatlað fólk sem afgreiddar eru á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og reglna settra á grundvelli þeirra.
- Aðrar reglur er sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaga setja þar sem fram kemur að deildarstjóra velferðarsviðs er falið afgreiðsla umsókna á grundvelli þeirra reglna.

5. gr.

Endurupptaka mála.

Eftir að deildarstjóri velferðarþjónustu hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin, sbr. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til fagnefndar skóla- og velferðarþjónustu. Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í viðauka þessum og að öðru leyti gæta að ákvæðum 20. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

6. gr.

Úrskurðarnefnd velferðarmála

Aðila máls skal leiðbeint um rétt sinn til að skjóta málinu til úrskurðarnefndar velferðarmála sbr. lög um úrskurðarnefnd velferðarmála nr. 85/2015, og um kærufrest, ef um kæranlega ákvörðun er að ræða.